

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir Sorpstöð Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 5. október 2006 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Sorpstöð Suðurlands að Kirkjuferjuháleigu, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð og síðan þann 28. desember 2006, eftir lagfæringar á gögnum, afgreitt deiliskipulagið sem er dagsett 13. apríl 2005.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun og tekur m.a. á nýjum urðunareinum, hæð þeirra, urðunarmagni og urðunartíma. Einnig kemur fram að fyrirsjáanlegt er að heildarmagn af sorpi sem urðað verður, verður minna en gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi og starfsleyfi, enda sé miðað við að urðun verði hætt í síðasta lagi 1. desember 2008.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 28. apríl 1994.

Þorlákshöfn, 23. janúar 2007.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2007